

Hilton Nordica Hótel 2. nóvember 2009

Skólaþing sveitarfélaga 2009

Yfirheitið

Geta sveitarfélög og skólar aukið gæði og þjónustu í núverandi árferði?

- Svar mitt er já.
- Hugmyndir mínar þar að lútandi felast í heildstæðu samhengi viðfangsefnisins.

Viðbrögð FT í efnahagskreppunni

Besta leiðin að beita sér með markvissum hætti að faglegum málefnum:

- sem styrkja umgjörð tónlistarfræðslu/starfsemi tónlistarskóla,
- efla tónlistarkennara/stjórnendur,
- hafa áhrif á fagvitund, stefnumótun og stefnumótunaraðila.

Málefningin

Meðal málefna má nefna:

- Drög að frumvarpi til laga um tónlistarskóla/tónlistarfræðslu.
- Fimm ára kennaramenntun – uppbygging meistaranáms fyrir hljóðfæra- og söngkennara við Listaháskóla Íslands.
- Úttekt á stöðu listfræðslu á Íslandi.
- Framkvæmd könnunar á starfsemi tónlistarskóla.

Um málefnið

Málefnið

- eiga það sammerkt að skapa forsendur til að þróa og efla kerfi tónlistarskóla bæði
 - sem sjálfstætt kerfi og
 - sem hluta af menntakerfi þjóðarinnar,
- eru sameiginleg hagsmunamál fagaðila og hins opinbera (sveitarfélaga og ríkis),
- eiga það sammerkt að geta stuðlað að auknum gæðum og þjónustu í víðtækum skilningi.

Málefninginn settur í víðara samhengi

Kafað dýpra

„The Wow Factor“ (UNESCO 2006)

Alþjóðleg rannsókn um áhrif lista á menntun.

- Í niðurstöðum kemur meðal annars fram að þar sem listum og menningu er gert hátt undir höfði í menntakerfi þjóða, eru gæði almennrar menntunar hvað mest. (Pisa)
- Gæðin eru mest þar sem tekst að virkja sérþekkingu úti í samfélaginu til stuðnings hinu almenna skólakerfi.

Ný viðmið

“Skapende læring” ráðstefna í Osló 2009

Paul Roberts, framkvæmdastjóri,

“Improvement and Development Agency for Local Government, England”:

- Til að halda áfram að þróa og bæta menntun er ekki lengur hægt að halda áfram á sömu braut, líta verður til nýrra viðmiða þ.e. „Creativity and Culture.“

Purfum ekki fólk sem hugsar í beinum línunum

“The promotion of cultural knowledge, creativity and intercultural understanding through education”

“The Committee on Culture, Science and Education”

“Parliamentary Assembly Council of Europe:

- We don't need people who think in straight lines.
- We need people who can see the wider picture; we need people who can make connections, unexpected connections.
- This is the area in which the arts are supreme, in which art and education can give more, in every respect, than any other discipline.

Listir miðlægar í menntun

Vegvísir fyrir listfræðslu/Road Map for Arts Education (UNESCO 2006)

Niðurstöður heimsráðstefnu um listfræðslu, „Efling sköpunarkrafts á 21. öld“.

- Megininntakið er að listir og menning þurfi að öðlast miðlægan sess í menntakerfum þjóða.

Auka þarf vægi listgreina

Svæðisþing tónlistarskóla, 25. sept. 2009,
Hótel Örk Hveragerði. Í ávarpi mennta- og
menningarmálaráðherra kom fram:

- að hún teldi að auka ætti vægi listgreina innan menntakerfisins til muna,
- að hún teldi skilning á skapandi starfi jafnvel meiri nú en áður og hún vildi sjá veg skapandi greina vaxa.

“Metnaðarfullt, þroskandi og skapandi skólastarf”

Fræðslufundur skólamálaráðs KÍ 20. okt. sl.
Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

„Ný menntastefna – metnaðarfullt, þroskandi og skapandi skólastarf.“

“Samstarfsverkefni fjölmargra fagaðila með ólíka sérfræðipekkingu”

- Í áfangaskýrslu starfshóps sem skipaður var af háskólaráði Kennaraháskóla Íslands (mars 2008) til að setja fram tillögur um inntak og áherslur í fimm ára samfelldu kennaranámi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara kemur meðal annars eftirfarandi fram:
 - Bent er á að „skólar á 21. öld eru flóknar fræðslu- og menntastofnanir sem krefjast margvíslegar sérfræðikunnáttu og fagmennsku fólks með fjölbreyttan bakgrunn sem getur unnið saman. Þannig er gerð krafa um djúpstæða þekkingu kennara á viðfangsefnum sínum, samstarfshæfni og þekkingu og færni til að leiða þróun skólans.
 - Menntun er samstarfsverkefni fjölmargra fagaðila með ólíka sérfræðipekkingu sem stilla saman strengi sína.“ (Jón Torfi Jónasson, 2008) (bls. 14).
 - „Gæði menntakerfis verða aldrei meiri en gæði kennaranna sem starfa í því. (McKinsey & Company, 2007)“ (bls. 14).

Skortur á meðvitund og skilningi

Vegvísir fyrir listfræðslu (UNESCO 2006)

- Þrátt fyrir að sköpun og ýmislegt sem henni tengist sé gert hátt undir höfði í opinberum stefnuyfirlýsingum skortir meðvitund og skilning á grundvallar mikilvægi vandaðrar menntunar í að fóstura sköpun. (Bl.11)

Stefna og samstarf

Stefna og samstarf

- Lykilorð í því að vinna að bættum gæðum og þjónustu.
- Sameiginleg framtíðarsýn - rökrétt nálgun við yfirskrift þessa þings.
- Í slíkri vinnu yrðu niðurstöður á heildstæðri úttekt ráðuneytisins á listfræðslu á Íslandi óneytanlega fóður ásamt könnun FT á starfsemi tónlistarskóla.

Samræða um skólamál

Menntamálaráðuneyti

- Lög, námskrár, faglegt eftirlit

Sveitarfélög

- Fókus á rekstrarlega þætti

Fagstéttir

- Fókus á faglega þætti og starfsumhverfi

Samstarf + traust

- Forsenda þess viðhorfs í nálgun aðila, að fagleg gæði og skilvirkni séu skoðuð sem ná tengd hugtök.

Aukin gæði/bætt þjónusta

Fagvitund er sameiginlegt hagsmunamál

Öflug fagumræða eflir fagvitund og er sameiginlegt hagsmunamál margra aðila.

- Fagumræða er ekki föst stærð, hún er breytingum háð eins og annað í okkar umhverfi, hún er háð tíma og rúmi.
- Fagvitund getur haft afgerandi þýðingu um hvort og hvernig skólaþróun á sér stað.

Hvað viljum við bæta?

Að lokum

- Við þurfum að geta svarað spurningunni, hvar viljum við gera betur?
- Í tengslum við allt sem hefur verið sagt hér að framan finnst mér við hæfi að enda á því að benda á
 - að tónlistarskólar og tónlistarfræðsla eigi svo sannanlega heima undir hatti skilgreindrar “grunnþjónustu” sveitarfélaga.